



## Frá skrifstofu

Sveitarstjórn minnir foreldra á að frístundastyrkur barna vegna 2017 rennur út 31. desember.

---

## Jólapóstur jólasveinanna

Hó! hó! hó!

Jólasveinarnir munu fara um þorp og sveit og safna jólakortum fyrir þá sem vilja senda innan hreppsins, föstudaginn 22. desember, upp úr kl. 17.



Sendingarkostnaður fyrir kortið er 150 kr.

Greyin eru víst að safna sér fyrir ferð á heilsuhæli á suðurpólnum enda afskaplega erfitt að búa með Grylu og Leppalúða!

Þeir sem ekki verða heima þennan föstudag geta haft samband við umboðsmann jólasveinanna en það er hún Sigrún Alda, sími: 868-8805.

Jólakveðjur

---

## Svalbarðskirkja

Sunnudagur 17. des. kl. 11.00: Jólasunnudagaskóli í Svalbarðskirkju.

Aðfangadagur jóla 24. des. kl. 16.00: Aftansöngur í Svalbarðskirkju.

Sr. Jón Ármann Gíslason prófastur þjónar.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

---

## Næstu rusladagar

28. desember - Gráa / brúna tunnan

4. janúar - Græna tunnan

11. janúar - Gráa / brúna tunnan

## Kæru ströndungar

Þann 13. janúar fer 8.-10. bekkur í Valsárskóla um sveit og þorp að safna flöskum. Tilvalið að losa sig við flöskurnar eftir jólin og styrkja um leið ferðasjóð krakkanna.

---

## Bókasafn

Nýjar bækur bætast við bókakostinn þessa dagana. Lánstími er 1 vika, nýjar bækur fram að áramótum. Annars 4 vikur eldri bækur.

Bókasafnið er opið á mánudögum frá kl. 17 til kl. 19 auk þess er alltaf hægt að koma við á opnunartíma hreppsskrifstofunnar og ná sér í lestrarefni eða til að skila bókum.

Verið velkomin á bókasafnið, skoða, spjalla, fá lánaðar bækur eða blöð og kaffisopinn er alltaf við hendina. Gerum bókasafnið að samkomustað, hittast og spjalla.

## Bókavörður

---

## Jólin í Álfaborg/Valsárskóla

Undanfarna daga hefur verið unnið að ýmsum jólatengdum verkefnum í skólanum. Reynt hefur verið að skapa notalega stemmningu og allir hafa reynt að sinna sínu hlutverki og nýta hæfileika sína til góðs.



Föstudaginn 15. desember verða jólatónleikar tónlistardeildarinnar. Tónleikarnir hefjast klukkan 17:00 og eru öllum opnir.

Á þriðjudaginn (19. des) er jólaball bæði í grunnskólanum og leikskólanum. Jólballið í leikskólanum byrjar klukkan 15:00 en foreldrum er boðið í kaffi klukkan 14:30 í leikskólann og geta átt rólega stund með barninu sínu áður en ballið hefst.

Í grunnskólanum mæta nemendur á venjulegum tíma í skólann þennan dag. Þau undirbúa jólaskemmtunina og eiga notalega stund saman.

Skólabíllinn keyrir nemendum utan þéttbýlis heim klukkan 12:00. Enginn hádegismatur er í boði þennan dag.

Nemendur grunnskólans mæta aftur í skólann klukkan 17:00 þann 19. desember til að halda litlu jólin hátíðleg. Skólabíllinn sækir nemendur samkvæmt tímatöflu og verður í Vaðlabýggðinni klukkan 16:30. Litlu jólnum lýkur klukkan 20:00 og þá keyrir skólabíllinn nemendur í skólaakstri heim.

Leikskólinn er lokaður milli jóla og nýárs en hann hefst aftur 2. janúar. Kennsla í grunnskóla hefst 3. janúar og þá hefst líka starfið í tónlistardeildinni.

Við óskum öllum Ströndungum og öðrum velunnurum skólans gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs með þökk fyrir árið sem nú er að líða. Sjáumst glöð á nýja árinu.

Bestu jólakveðjur

Starfsfólk Álfaborgar/Valsárskóla  
grunnskóladeildar, leikskóladeildar og tónlistardeildar.

---

## Jólatónleikar í tónlistardeild

Jólatónleikar tónlistardeildarinnar verða haldnir föstudaginn 15. desember kl. 17:00 í Salnum í Valsárskóla. Flutt verða jólalög í einleik og samspili og svo syngjum við saman nokkur jólalög í lok tónleikanna.



Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Boðið verður upp á léttar veitingar í hléi.

---

## Innritun í tónlistardeild

Innritun nýnema fyrir vorönn 2018 stendur yfir á heimasíðu skólans undir takkanum Foreldrar/Umsóknir. Þeir sem nú þegar eru skráðir í tónlistardeildina eða hafa haft samband við skólastjóra eða deildarstjóra skólans þurfa ekki að sækja um. Fyrsti kennsludagur vorannar 2018 er 3. janúar.

---

# Frá björgunarsveitinni Tý

Við viljum minna á flugeldasölu okkar sem staðsett verður í aðalinngangi Valsárskóla.

Opnunartíminn verður:

29. des. kl. 19:00-21:00

30. des. kl. 12:00-21:00

31. des. kl. 10:00-16:00

Brenna og flugeldasýning verða á sínum stað norðan við vita. Kveikt verður í brennu klukkan 20:00 á gamlárskvöld.

Vonumst til að sjá sem flesta.

---

## Morgunstundir í safnaðarstofu

Síðasta samvera þessa árs var hádegismatur í Valsárskóla 12. desember, steik og meðlæti. Þetta er góð tilbreyting að koma í skólann og borða saman annan þriðjudag í mánuði. Sjá og spjalla við nemendur.

Við ætlum að hittast aftur á nýju ári þriðjudaginn 16. janúar 2018. Eldhress og kát að hittast aftur. Góð mæting hefur verið í kirkjustofuna þessa morgna og góðir gestir heldur yngri litid inn annað slagið.

Bestu þakkir fyrir samveruna 2017. Hittumst hress á nýju ári.

---

## Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Kirkland WC-pappír: 40 rúllur á 5.000 kr.

Klósettpappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.